
Úttekt á íslensku skattkerfi

SJÁLFSTÆÐ VERKEFNISSTJÓRN
Samráðsvettvangs um aukna hagsæld

Fyrirvarar

- Eftirfarandi tillögur voru mótaðar af sjálfstæðri verkefnisstjórn og eru ekki lagðar fram sem tillögur Samráðsvettvangs um aukna hagsæld.
- Meðlimir Samráðsvettvangsins hafa fengið kynningu á tillögunum en ekki tekið afstöðu til þeirra.
- Inngangskaflinn er jafnframt sú verklýsing sem verkefnisstjórn vann út frá – engin frekari fyrirmæli lágu til grundvallar vinnu hennar.
- Tillögurnar eru ekki tæmandi listi yfir mögulegar umbætur innan skattkerfisins. Forgangsröðun verkefnisstjórnar byggir á þeirri aðferðafræði sem fjallað er um á fyrstu glærum kynningarinnar.
- Tillögur um skattkerfisbreytingar í kerfi tekjuskatts þarfnast frekari úttektar, ítarlegri sviðsmynda og greininga.

Inngangur

1. Almennir skattar
2. Umhverfis- og auðlindagjöld
3. Skattskil og eftirlit

Hver er tilgangur Samráðsvettvangsins?

1

Skapa gagnsæja og heildstæða samantekt á leiðum til að auka langtímahagvöxt á Íslandi

2

Stuðla að uppbyggilegri og málefnalegri umræðu um langtímastefnu í efnahagsmálum

3

Meta hversu breið samstaða geti náðst um grunnmynd að framtíðaráætlun til aukinnar hagsældar



Sterkar forsendur voru fyrir því að ráðast í úttekt á skattkerfinu á vegum Samráðsvettvangsins

Eyða í fyrri umfjöllun



- **Eyða var til staðar** í tillögum verkefnisstjórnar SRV um aukinn hagvöxt
- Tillögur um opinbera þjónustu miðuðu **einungis við rekstur** – ekki fjármögnun

Mikil áhrif á lífskjör



- Ríflega **4 af hverjum 10 krónum** renna til hins opinbera í formi skatta
- Hagkvæmni slíkrar innheimtu hefur **umtalsverð áhrif á hegðun og lífskjör**

Tækifæri til umbóta



- Alþjóðlegar stofnanir hafa gert **umfangsmiklar úttektir** á skattkerfinu
- Þar eru **lagðar til fjölmargar umbætur** og bent á atriði sem betur mættu fara

Vettvangurinn skipaði því verkefnisstjórn til að móta tillögur til umbóta á skattkerfinu

Verkefnisstjórn



- **Daði Már Kristófersson** (formaður)
forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands



- **Alexander G. Eðvardsson**
sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs KPMG



- **Axel Hall**
lektor við Háskólann í Reykjavík



- **Elín Alma Arthursdóttir**
sviðsstjóri hjá RSK



- **Halldór Benjamín Þorbergsson**
frkv.stjóri viðskiptaþróunar Icelandair Group



- **Vala Valtýsdóttir**
Eigandi/Partner hjá Deloitte

Stuðningur



- **Ólafía Harðardóttir**
Ráðgjafarsvið Deloitte



- **Halla Björg Þórhallsdóttir**
Ráðgjafarsvið Deloitte

Verkefnisstjórn vann út frá skilgreindum markmiðum Samráðsvettvangsins

Markmið fyrir endurskoðun skattkerfisins


Skattkerfið...

- 1 Afli nægjanlegra tekna fyrir samneyslu
- 2 Sé einfalt og gagnsætt (lágmarki kostnað og undanskot)
- 3 Sé skilvirkt (skapi rétta hvata)
- 4 Sé fyrirsjáanlegt og stöðugt
- 5 Sé samkeppnishæft (einkum gagnvart kvikum stofnum)
- 6 Styðji við hagstjórn (sé sveiflujafnandi)



Þrátt fyrir þessi markmið veita tillögurnar áfram fullt svigrúm fyrir breytileg samfélagsleg markmið löggjafans

Umfang hins opinbera




- Ekki var tekin afstaða til **umfanga samneyslunnar**
- Miðað var að því að finna **hagkvæmstu leiðina** til að fjármagna ákveðið umfang samneyslu eftir vilja löggjafans

Tekjujöfnun



- Ekki var heldur tekin afstaða til **umfanga tekjujöfnunar**
- Leitast var við að finna **hagkvæmstu leiðina** til að auka eða draga úr tekjudreifingu


Stuðningur



- Ekki var tekin afstaða til **sértæks stuðnings við ákveðna hópa eða aðila**
- Leitað var **hagkvæmasta fyrirkomulags opinbers stuðnings** við ákveðna hópa eða aðila

Tillögum úr hópavinnu var forgangsraðað út frá áætluðum ávinningi og mati á framkvæmanleika þeirra

Áhrif vs. framkvæmanleiki



Mæling á ávinningi

- Megináhersla var lögð á að færa skattkerfið í átt til þeirra markmiða sem Samráðsvettvangurinn samþykkti
- Tillögur sem eru taldar skila miklum ávinningi myndu færa skattkerfið umtalsvert nær markmiðunum

Mat á framkvæmanleika

Dæmi

Pólitísk samstaða



Nauðsynlegt fjármagn



Flækjustig við framkvæmd




Mat á framkvæmanleika



Mat á framkvæmanleika og ávinningi tryggði að tillögur væru hvorki of almennar né of sértækar



Verkefnisstjórn skilar tillögum til Samráðsvettvangs eftir samstarf við helstu hagsmunaaðila



Mikið fyrirliggjandi efni var til staðar en heildrænt yfirlit um tillögur til umbóta skorti

Flókið og stundum óaðgengilegt efni ...



... tekið saman í aðgengilega heildarmynd

Samráðsvettvangur um leið Íslands til aukinnar hagsældar

SAMRÁÐSVETTANGUR UM AUKNA HAGSÆLD
Iceland Growth Forum

- Yfirlit yfir aðgerðir auk mats á áhrifum og tengingum innbyrðis
- Aðgerðaplan með næstu skrefum

Litið til heildarhagsmuna við tillögugerðina en ekki hagsmuna einstakra aðila

Kíkjum út ...



... og horfum á heildina



Helstu einkenni hagkvæmra skattkerfa voru höfð að leiðarljósi við mótn tillagnanna



Skattkerfið taki mið af einstaklingum

- Skattheimta á að taka tillit til getu einstaklings til að afla tekna
- Jafnframt á að taka tillit til stöðu einstaklingsins að öðru leyti (t.d. fjölda barna í heimili og örorku)



Skattstofnar skattlagðir út frá eðli sínu

- Kvikir skattstofnar eins og fjármagnstekjur eru skattlagðir í minna mæli en stöðugri skattstofnar eins og launatekjur
- Það er gert til að tryggja samkeppnishæfni skattkerfisins



Skattar bjagi hegðun í sem minnstum mæli

- Skattar geta leiðrétt óæskilega hegðun, til dæmis mengun
- Þá geta auðlindagjöld verið æskilegri en aðrir skattar ef umfang þeirra hefur lítil áhrif á hegðun

Fámenni á Íslandi krefst sérstakrar áherslu á einfaldar og hagkvæmar lausnir – en auðveldar líka innleiðingu þeirra



Hvað þarf að hafa í huga?

Nr. 1

Flækjustig er kostnaðarsamt

Fámenni gerir kostnað flækjustigs hærrí á Íslandi vegna takmarkaðrar sérhæfingar í skattskilum, öflunar skattgagna, skattheimtu og eftirlits

Nr. 2

Ábatinn verður að réttlæta kostnaðinn

Sýna þarf fram á að hagsmunum skilvirkni sé ekki fórnað þegar flókin kerfi eru tekin fram yfir einföld, t.d. vegna dreifingaráhrifa innan kerfis


Nr. 3

Horfa þarf á heildarmyndina

Gæta þarf að samspili ólíkra kerfa svo ekki verði til hvatar sem ýta undir undanskot eða skapa óheppilega hvata

Tillögunum er skipt í þrjá kafla eftir eðli þeirra

1. Almennir skattar



Aukin skilvirkni og
hagkvæmni í
skattkerfinu almennt

10 tillögur

2. Umhverfis- og auðlindagjöld



Skilvirkari gjaldheimta
í auðlinda- og
umhverfismálum

5 tillögur

3. Skattskil og eftirlit



Einfaldari skattskil
og hagkvæmara
eftirlit

11 tillögur

Samtals 26 tillögur

Inngangur

1. Almennir skattar

2. Umhverfis- og auðlindagjöld

3. Skattskil og eftirlit

Almennir skattar eru stærsti hluti skattkerfisins í dag

Skatttekjur ríkissjóðs, 2016 (flatarmál táknar milljarðar króna)



Lagðar eru fram tíu tillögur um bættu almenna skatta

Flokkur	Tillaga	Lýsing
Vinna	1 Einstaklingsframtöl	▪ Allir telji fram sem einstaklingar
	2 Barnabætur	▪ Barnabætur fylgi barni
	3 Vaxtabætur	▪ Vaxtabætur lagðar niður
	4 Skattþrep	▪ Ný skattþrep og persónuafsláttur
Neysla	5 Virðisaukaskattur	▪ Fækkun undanþága og sameining þrepa
Sparnaður	6 Fjármagnstekjuskattur	▪ Raunávöxtun skattlögð í stað nafnávöxtunar
Rekstur	7 Tryggingagjald	▪ Sveiflujöfnun tryggingagjalds
	8 Þunn eiginfjármögnun	▪ Frádráttur vaxtagjalda takmarkaður
	9 Eftirgjöf skulda	▪ Eftirgjöf skulda myndi ekki skattskyldu
	10 Samlagshlutafélög	▪ Samræma skattlagningu við önnur félagaform



Fyrstu fjórar tillögurnar snúa að tekjuskatti einstaklinga

Flokkur	Tillaga	Lýsing
Vinna	1 Einstaklingsframtöl	▪ Allir telji fram sem einstaklingar
	2 Barnabætur	▪ Barnabætur fylgi barni
	3 Vaxtabætur	▪ Vaxtabætur lagðar niður
	4 Skattþrep	▪ Ný skattþrep og persónuafsláttur
Neysla	5 Virðisaukaskattur	▪ Fækkun undanþága og sameining þrepa
Sparnaður	6 Fjármagnstekjuskattur	▪ Raunávöxtun skattlögð í stað nafnávöxtunar
Rekstur	7 Tryggingagjald	▪ Sveiflujöfnun tryggingagjalds
	8 Þunn eiginfjármögnun	▪ Frádráttur vaxtagjalda takmarkaður
	9 Eftirgjöf skulda	▪ Eftirgjöf skulda myndi ekki skattskyldu
	10 Samlagshlutafélög	▪ Samræma skattlagningu við önnur félagaform



Tillögurnar taka á fjórum meginþáttum sem stýra tekjuskattsbyrði – miklar breytingar lagðar til

Skatttekjur ríkissjóðs (ma. kr.)



- Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga hafa aukist um 22% að nafnvirði frá árinu 2013
- Námu 128 ma. kr. árið 2015



Tillögurnar byggja á nálgun AGS en þó með veigamiklum breytingum

- Haustið 2015 lagðist Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) í umfangsmikla úttekt á tekjuskatti einstaklinga, vaxta- og barnabótum
- Tillögur verkefnisstjórnar eiga sér fræðilega tilvísun til greiningar AGS
- Tillögurnar eru þó frábrugðnar í veigamiklum atriðum
- Fjórar mismunandi tillögur sem saman mynda eina heild





Tillögurnar taka á þeim meginþáttum sem stýra tekjuskattsbyrði

Fjórar tillögur sem saman mynda eina heild

1 Einstaklingsframtöl

- Hver og einn ber ábyrgð á sínum skattgreiðslum og skattkerfið meðhöndlar framteljendur á samkvæman hátt
- Hagkvæmt og réttlátt
- Samsköttun verði hætt

2 Barnabætur

- Ógagnsætt og flókið kerfi
- Barnabætur eiga að vera réttur barnsins og fylgja barninu

3 Vaxtabætur

- Vaxtabótakerfið fellt niður í núverandi mynd og sparnaði beint til lágtekjuhópa með útborganlegum persónuafslætti
- Stuðningur við fasteignakaup á að gerast utan skattkerfis t.d. við fyrstu kaup

4 Tvö skattþrep – 25% og 43%

- Persónuafsláttur byrjar í 0 og hækkar krónu fyrir krónu að 970 þús.
- Fyrir hverja krónu sem þú aflar - borgar ríkið aðra krónu upp að 970 þús. Fyrir hærri tekjur er persónuafsláttur 1.250 þús sem skerðist um 29% af tekjum.



Tillögurnar taka á þeim meginþáttum sem stýra tekjuskattsbyrði

Fjórar tillögur sem saman mynda eina heild

Einstaklingsframtöl

- Hver og einn ber ábyrgð á sínum skattgreiðslum og skattkerfið meðhöndlar framteljendur á samkvæman hátt
- Hagkvæmt og réttlátt
- Samsköttun verði hætt

1

Barnabætur

- Ógagnsætt og flókið kerfi
- Barnabætur eiga að vera réttur barnsins og fylgja barninu.

2

Vaxtabætur

- Vaxtabótakerfið felld niður í núverandi mynd og sparnaði beint til lágtekjuhópa með útborganlegum persónuafslætti
- Stuðningur við fasteignakaup á að gerast utan skattkerfis t.d. við fyrstu kaup

3

Tvö skattþrep – 25% og 43%


- Persónuafsláttur byrjar í 0 og hækkar krónu fyrir krónu að 970 þús.
- Fyrir hverja krónu sem þú aflar - borgar ríkið aðra krónu upp að 970 þús. Fyrir hærri tekjur er persónuafsláttur 1.250 þús sem skerðist um 29% af tekjum.

4




Skattlagning og bætur ættu að vera einstaklingsmiðaðar en ekki að fara eftir fjölskyldustöðu

- Í dag eru hjón sjálfkrafa samsköttuð¹
- Samsköttun dregur úr hvata maka með lægri laun til að fara út á vinnumarkaðinn – en í meirihluta tilfella eru það konur
- Afnám samsköttunar er því jafnréttismál



Hjón eru samsköttuð í dag

- ✗ Hjón bera ábyrgð á skattskuld hvors annars
- ✗ Skattfyrvöld hafa jafnan samskipti við eldri aðilann
- ✗ Tilfærsla persónuafsláttar dregur úr jafnrétti



Hjón verði sköttuð sem einstaklingar

- ✓ Hver einstaklingur ber ábyrgð á eigin skattskilum
- ✓ Skattfyrvöld hafa samskipti við báða aðila
- ✓ Tekjur maka draga ekki út hvata til að vinna

¹ Hjón geta þó í sumum tilfellum haft aðskilinn fjárhag, til dæmis vegna barna frá fyrra hjónabandi.



Tillögurnar taka á þeim meginþáttum sem stýra tekjuskattsbyrði

Fjórar tillögur sem saman mynda eina heild

Einstaklingsframtöl

- Hver og einn ber ábyrgð á sínum skattgreiðslum og skattkerfið meðhöndlar framteljendur á samkvæman hátt
- Hagkvæmt og réttlátt
- Samsköttun verði hætt

1

Barnabætur

- Ógagnsætt og flókið kerfi
- Barnabætur eiga að vera réttur barnsins og fylgja barninu.

2

Vaxtabætur

- Vaxtabótakerfið felld niður í núverandi mynd og sparnaði beint til lágtekjuhópa með útborganlegum persónuafslætti
- Stuðningur við fasteignakaup á að gerast utan skattkerfis t.d. við fyrstu kaup

3

Tvö skattþrep – 25% og 43%

- Persónuafsláttur byrjar í 0 og hækkar krónu fyrir krónu að 970 þús.
- Fyrir hverja krónu sem þú aflar - borgar ríkið aðra krónu upp að 970 þús. Fyrir hærri tekjur er persónuafsláttur 1.250 þús sem skerðist um 29% af tekjum.

4

Barnabætur verði réttur barnsins og styrki tekjulága



- Núverandi kerfi barnabóta er **flókið** og **ógagnsætt**
- Tekur tillit til ólíkra sambúðarforma, aldurs barna og fjölda þeirra. Með ólíkum skerðingarmörkum eftir sambúðaformi og skerðingu eftir fjölda barna
- Núverandi kerfi býr til hvata til þess að fólk sem á saman börn sé ekki í skráðri sambúð
- Einfalda þarf kerfið og beina stuðningi í ríkari mæli til tekjulágra foreldra
- Hækka bætur á hvert barn í 450.000 kr.
- Hækka skerðingarprósentuna í 12% - eitt skerðingarhlutfall í stað fjögurra ólíkra í dag
- Færa skerðingarmörkin frá hjónum (4,8 m.kr.) og einstæðum (2,4 m.kr.) til tekna foreldris sem fylgja barni (2,4 m.kr. deilist á foreldra).
- Hætta að borga barnabætur með fleiri en 3 börnum - huga þarf að aðlögun



Barnabætur verða einkum hugsaðar sem myndarlegur styrkur til tekjulágra foreldra



Tillögurnar taka á þeim meginþáttum sem stýra tekjuskattsbyrði

Fjórar tillögur sem saman mynda eina heild

Einstaklingsframtöl

- Hver og einn ber ábyrgð á sínum skattgreiðslum og skattkerfið meðhöndlar framteljendur á samkvæman hátt
- Hagkvæmt og réttlátt
- Samsköttun verði hætt

1

Barnabætur

- Ógagnsætt og flókið kerfi
- Barnabætur eiga að vera réttur barnsins og fylgja barninu.

2

Vaxtabætur

- Vaxtabótakerfið fellt niður í núverandi mynd og sparnaði beitt til lágtekjuhópa með útborganlegum persónuafslætti
- Stuðningur við fasteignakaup á að gerast utan skattkerfis t.d. við fyrstu kaup

3

Tvö skattþrep – 25% og 43%

- Persónuafsláttur byrjar í 0 og hækkar krónu fyrir krónu að 970 þús.
- Fyrir hverja krónu sem þú aflar - borgar ríkið aðra krónu upp að 970 þús. Fyrir hærri tekjur er persónuafsláttur 1.250 þús sem skerðist um 29% af tekjum.

4




Vaxtabætur eru flóknar, ógagnsæjar og dýrar

– styðja frekar fyrstu kaup beint – utan skattkerfis

Leggja ætti niður vaxtabótakerfið í núverandi mynd...

Útgjöld ríkisins vegna vaxtabóta 2013-2015



- Vaxtabótakerfið er **kostnaðarsamt, flókið og ógagnsætt kerfi**
- Háð skuldum, vöxtum, hjúskaparstöðu og eignastöðu með 8,5% skerðingu sem **hækkar jaðarskatta** verulega
- Lagt til að kerfið verði fellt niður í núverandi mynd og sparnaði beint til lágtekjuhópa með **útborganlegum persónuafslætti**

... og hafa þess í stað útborganlegan persónuafslátt

Í dag er ívilnun fyrir að búa í eigin húsnæði fremur en að leigja



Í hagkvæmu skattkerfi eru **vaxtagjöld frádráttabær** frá skatti en **vaxtatekjur** t.d. leiga af eigin húsnæði **skattskyld**

- Kerfið í dag **hyglar efnameiri** þar sem leigjendur eru oft efnaminni
- Leigjendur borga leigu af tekjum eftir skatt en eigendur þurfa ekki að bera skatt af fjármagnstekjum tengdar eigin húsnæði.
- Stuðningur við fasteignakaup á að gerast **utan skattkerfis** t.d. við fyrstu kaup



Útborganlegur persónuafsláttur byggir á 1 2 3 og skapar forsendur fyrir lækkun skatta í tvö þrep

Persónuafsláttur verði útgreiðanlegur og skattþrepin verði tvö



- Fjármagn til að standa undir útgreiðanlegum persónuafslætti myndast við einföldun barna- og vaxtabótakerfisins
- Möguleg útborgun persónuafsláttar myndar því öryggisnet fyrir tekjulægstu hópana og beinir stuðningi ríkisins til þeirra sem mest þurfa á fjárhagslegri aðstoð að halda
- Afnáam einstaklingsframtala, einföldun á barnabótum og afnáam vaxtabóta eru forsenda útgreiðanlegs persónuafsláttar
- Einfaldara og skilvirkara væri að ríkið styddi við fyrstu kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði með einsskiptisgreiðslu



Tillögurnar taka á þeim meginþáttum sem stýra tekjuskattsbyrði

Fjórar tillögur sem saman mynda eina heild

Einstaklingsframtöl

- Hver og einn ber ábyrgð á sínum skattgreiðslum og skattkerfið meðhöndlar framteljendur á samkvæman hátt
- Hagkvæmt og réttlátt
- Samsköttun verði hætt

1

Barnabætur

- Ógagnsætt og flókið kerfi
- Barnabætur eiga að vera réttur barnsins og fylgja barninu.

2

Vaxtabætur

- Vaxtabótakerfið felld niður í núverandi mynd og sparnaði beint til lágtekjuhópa með útborganlegum persónuafslætti
- Stuðningur við fasteignakaup á að gerast utan skattkerfis t.d. við fyrstu kaup

3

4

Tvö skattþrep – 25% og 43%

- Persónuafsláttur byrjar í 0 og hækkar krónu fyrir krónu að 970 þús.
- Fyrir hverja krónu sem þú aflar - borgar ríkið aðra krónu upp að 970 þús. Fyrir hærri tekjur er persónuafsláttur 1.250 þús sem skerðist um 29% af tekjum.



Annmarkar voru á tillögum AGS til endurbóta á skattkerfinu en greining þeirra er grunnur tillagnanna

Tillögur verkefnahópsins miða að því að miðla og jafna ábata til miðtekjuhópa



- AGS lagði til 1,2 m.kr. persónuafslátt og 35% skerðingu persónuafsláttar
 - AGS lagði til hækkun á mörkum í hæsta skattþrepið úr 10 m.kr. í 12 m.kr. og hafa skattþróentu hátekjuskatts 46%
 - AGS stillti síðan grunnþróentuna af sem gerði það að verkum að endar tekjudreifingarnar fengu mest í sinn hlut – þeir hæstu og lægstu
 - Tillögur hópsins ganga út á að lækka skattþróentu miðjunnar, lækka mörk hæsta þrepsins en um leið lækka hæstu þróentuna
 - **Fleiri borga í hærra þrepinu – en lægri þróentu. Miðjan stendur frammi fyrir lægri skattþróendi sem er lykilatriði í tillögum hópsins**
-
- Þetta er vinnumarkaðskerfi – hugsað og hannað með þarfir vinnumarkaðar í huga, þar sem hvatt er til atvinnuþátttöku og tekjujöfnunar
 - Dæmin sem á eftir fylgja taka ekki tillit til samspils þessa kerfis við kerfi örorku- og ellilífeyrisgreiðslna. Það samspil þarf frekari stefnumótun til að tryggja hlutleysi tillagnanna gagnvart þessum hópum.



Tillögurnar eru tveggja þrepa tekjuskattskerfi með útborganlegum persónuafslætti

Meginþorri skattgreiðenda mun búa við lægri skattprósentu í nýju kerfi

18 ár

Upphaf skattskyldu

2,3 m.kr.

Skattleysismörk

1,25 m.kr.

Almennur persónuafsláttur
eftir að 970 þús tekjum er náð

450 þús.

Barnabætur – skerðing 12%
Með hverju barni að þremur börnum

29%

Skerðing persónuafsláttar


Hvetur til
vinnu

Línuleg hækkun persónu-
afsláttar frá 0-970 þús.kr.

Útborganlegur persónuafsláttur er lykilatriði og gerir samsköttun óþarfa þar sem skattkerfið mun byggja á einstaklingsframtölum og samsköttun hjóna og sambúðaraðila fellur niður



Tillögurnar eru tveggja þrepa tekjuskattskerfi með útborganlegum persónuafslætti






Tillögurnar eru tveggja þrepa tekjuskattskerfi með útborganlegum persónuafslætti

Á mynd er ekki tekið tillit til skerðingar persónuafsláttar, sem er útgreiðanlegur ef hann er ekki fullnýttur

Skattprósenta

- Útgreiðanlegur hár persónuafsláttur og lág grunnprósenta veða þyngra til að byrja með. Skerðing persónuafsláttar fer síðar að bíta í eftir því sem nær dregur miðju sem lág skattprósenta yfirgnæfir á endanum en meginþorri skattgreiðenda greiðir lægri skatta í samanburði við núverandi kerfi.





Metum áhrif tveggja þrepa tekjuskattskerfi á mismunandi samfélags- og tekjuhópa

Í nýju kerfi verða engir sambúðaraðilar – aðeins einstaklingar – sett fram hér til að auðvelda samanburð



Einstaklingar

Sviðsmyndir eftir fjölskylduhag



Sambúðarfólk

Sviðsmyndir eftir fjölskylduhag




Sýnidæmi
til upplýsinga

Helmingur skattgreiðenda er með tekjur á bilinu 1,2–5,7 m.kr – hærra skattþrep miðar við 7,8 m.kr.



Í nýju kerfi verða engir sambúðaraðilar – bara einstaklingar – sett fram hér til að auðvelda samanburð



90% einstaklinga munu greiða skatta í lægra þrepi







10%



Mismunagreining eftir tekjubilum sýnir að ráðstöfunartekjur einstaklinga hækka við breytinguna¹



- Ráðstöfunartekjur á ári með barnabótum í núverandi kerfi (meðaltal)
- Ráðstöfunartekjur á ári með barnabótum eftir breytingatillögu (meðaltal)




- Mánaðarlaun í pús. kr. (brúttó)
- ✉ 200-400
 - ✉ 401-650
 - ✉ 651-1.100

¹ Á móti er hér ekki tekið tillit til afnáms vaxtabóta en skoða þyrfti þau áhrif í framhaldinu.

Helmingur skattgreiðenda hér er með samanlagðar tekjur 7,6–14,5 m.kr. – hærra skattþrep miðar við 7,8 m.kr. á mann







Í nýju kerfi verða engir sambúðaraðilar – bara einstaklingar – sett fram hér til að auðvelda samanburð





Mismunagreining eftir tekjubilum sýnir að ráðstöfunartekjur sambúðarfólks hækka við breytinguna¹

- Ráðstöfunartekjur sambúðarfólks á ári með barnabótum í núverandi kerfi (meðaltal)
- Ráðstöfunartekjur sambúðarfólks á ári með barnabótum eftir breytingatillögu (meðaltal)



Mánaðarlaun í pús. kr. (brúttó)

✉ 200-750

✉ 751-1.300

✉ 1.301-2.200

¹ Á móti er hér ekki tekið tillit til afnáms vaxtabóta en skoða þyrfti þau áhrif í framhaldinu.



Við leggjum fram tíu tillögur um bætta almenna skatta

Flokkur	Tillaga	Lýsing
Vinna	1 Einstaklingsframtöl	▪ Allir telji fram sem einstaklingar
	2 Barnabætur	▪ Barnabætur fylgi barni
	3 Vaxtabætur	▪ Vaxtabætur lagðar niður
	4 Skattþrep	▪ Ný skattþrep og persónuafsláttur
Neysla	5 Virðisaukaskattur	▪ Fækkun undanþága og sameining þrepa
Sparnaður	6 Fjármagnstekjuskattur	▪ Raunávöxtun skattlögð í stað nafnávöxtunar
Rekstur	7 Tryggingagjald	▪ Sveiflujöfnun tryggingagjalds
	8 Þunn eiginfjármögnun	▪ Frádráttur vaxtagjalda takmarkaður
	9 Eftirgjöf skulda	▪ Eftirgjöf skulda myndi ekki skattskyldu
	10 Samlagshlutafélög	▪ Samræma skattlagningu við önnur félagaform

Lagt til að hafa eitt prep virðisaukaskatts



Skipting skatttekna m.v. fjárlög 2016







Tekið verði upp eitt skattþrep virðisaukaskatts og skattstofn breikkaður til að auka gagnsæi og bæta skil

Virðisaukaskattur stendur undir um 200 m.a. króna af samneyslunni

Margþrepa kerfi kallar á misskilning á gildandi reglum – leki á milli skattþrepa og ójafnræði –

Færri undanþágur og þrep leiða til gagnsæis og bætts skilnings á skattkerfinu.



Vænt áhrif

- Betri skil og einfaldari
- Gagnsæi


Skref í innleiðingu

- Breyting á lögum nr. 50/1988

Helstu hagsmunaaðilar

- Ríkissjóður
- Skattskyldir aðilar


Tekjur af VSK á ári 2014-2016





Virðisaukaskatturinn í dag einkennist af mismunun og undanþágum

Útgjöld heimila eftir virðisaukaskattsskyldu (2010-2012)¹



¹ Miðað er við nýjustu rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum íslenskra heimila (2010-2012)



Þetta fyrirkomulag skapar velferðartap, flækjustig og hvata til undanskota

Velferðartap

- Virðisaukaskattur **dregur úr seldu magni** þeirra vara og þjónustu sem sæta skattlagningu
- Þessi áhrif kallast **velferðartap** (e. *deadweight loss*) og vaxa sífelld hraðar eftir því sem gjaldhlutfallið hækkar
- Þess vegna er best fyrir heildarvelferð að virðisaukaskattur hafi **breiðan skattstofn** og gjaldhlutfallið sé sem lægst¹



Flækjustig og undanskot

- Misjöfn gjaldhlutföll fyrir vörur og þjónustu sem eru veittar af sama aðila skapa **flækjustig** þegar kemur að álagningu, skattskilum og eftirliti
- Ef ákveðnir hlutar starfsemi eru skattlagðir í lægri þrepum myndast hvati til að **auka álagningu** fyrir þá þætti en draga úr álagningu fyrir aðra þætti
- Misræmið bjargar því heilbrigða verðmyndun og **leiðir til undanskota**




¹ Sjá OECD (2010), „Choosing a Broad Base – Low Rate Approach to Taxation“



Með fækkun undanþága og sameiningu þrepa mætti lækka almenna þrepið umtalsvert án skerðingar tekna

Miðað við að halda tekjum ríkissjóðs óbreyttum gæti virðisaukaskattur orðið eitt þrep í 18,6%

Tekjur ríkissjóðs í milljörðum króna miðað við fjárlög 2016¹




1 Áætlun verkefnisstjórnar byggð á nýjustu rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum íslenskra heimila (2010-2012). Ekki er gert fyrir magnbreytingaráhrifum vegna nýrra gjaldhlutfalla.

2 Ekki er gert ráð fyrir auknum skatttekjum vegna fjármálþjónustu, heilbrigðisþjónustu, menntunar, félagslegrar þjónustu eða greiddrar/reiknaðrar húsaleigu.



Áhrif breytinganna væru hverfandi óháð tekjum

Áhrif eins þreps virðisaukaskatts á útgjöld heimila¹



¹ Áætlun verkefnisstjórnar er byggð á nýjustu rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum íslenskra heimila (2010-2012). Ekki er gert fyrir magnbreytingaráhrifum vegna nýrra gjaldhlutfalla. Þar sem ekki er gert ráð fyrir auknum skatttekjum vegna fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, menntunar og félagslegrar þjónustu er ekki heldur gert ráð fyrir hækkun útgjalda vegna breytinga á þessum flokkum. Þá er ekki gert ráð fyrir að reiknuð eða greidd húsaleiga beri virðisaukaskatt.



Við leggjum fram tíu tillögur um bætta almenna skatta

Flokkur	Tillaga	Lýsing
Vinna	① Einstaklingsframtöl	▪ Allir telji fram sem einstaklingar
	② Barnabætur	▪ Barnabætur fylgi barni
	③ Vaxtabætur	▪ Vaxtabætur lagðar niður
	④ Skattþrep	▪ Ný skattþrep og persónuafsláttur
Neysla	⑤ Virðisaukaskattur	▪ Fækkun undanþága og sameining þrepa
Sparnaður	⑥ Fjármagnstekjuskattur	▪ Raunávöxtun skattlögð í stað nafnávöxtunar
Rekstur	⑦ Tryggingagjald	▪ Sveiflujöfnun tryggingagjalds
	⑧ Þunn eiginfjármögnun	▪ Frádráttur vaxtagjalda takmarkaður
	⑨ Eftirgjöf skulda	▪ Eftirgjöf skulda myndi ekki skattskyldu
	⑩ Samlagshlutafélög	▪ Samræma skattlagningu við önnur félagaform




Fjármagnstekjuskattur verði lagður á raunvexti en ekki nafnvexti eins og kerfið er í dag

Skipting skatttekna m.v. fjárlög 2016




- Tekjur af fjármagnstekjuskatti hafa aukist um 80% að nafnvirði frá árinu 2013 og námu tæplega 28 milljörðum króna árið 2015




Skattar á fjármagnstekjur taka ekki tillit til verðbólgu og leggjast því með þungum hætti á sparnað

Eiginlegur fjármagnstekjuskattur fyrir áhættulausar fjárfestingar (%)¹




Áhrif skattlagningar raunávöxtunar



1 Hlutfallsleg skattbyrði af raunávöxtun (nafnávöxtun leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum). Ekki tekið tillit til skattfrelsis fyrstu 125 þús vaxtatekna


2 Gert er ráð fyrir að ávöxtun áhættulausrar fjárfestingar sé jöfn meðalvaxtastigi frá aldamótum (8,1% á Íslandi)

3 Gert er ráð fyrir að verðbólga sé jöfn meðalverðbólgu frá aldamótum (5,8% á Íslandi)



Skattar á fjármagnstekjur taka ekki tillit til verðbólgu og leggjast því með þungum hætti á sparnað

Samanburður á eiginlegum fjármagnstekjuskatti fyrir áhættulausar fjárfestingar (%)¹



¹ Hlutfallsleg skattbyrði af raunávöxtun (nafnávöxtun leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum)

² Gert er ráð fyrir að ávöxtun áhættulausrar fjárfestingar sé jöfn meðalvaxtastigi frá aldamótum (8,1% á Íslandi)

³ Gert er ráð fyrir að verðbólga sé jöfn meðalverðbólgu frá aldamótum (5,8% á Íslandi)

Við leggjum fram tíu tillögur um bætta almenna skatta



Flokkur	Tillaga	Lýsing
Vinna	1 Einstaklingsframtöl	▪ Allir telji fram sem einstaklingar
	2 Barnabætur	▪ Barnabætur fylgi barni
	3 Vaxtabætur	▪ Vaxtabætur lagðar niður
	4 Skattþrep	▪ Ný skattþrep og persónuafsláttur
Neysla	5 Virðisaukaskattur	▪ Afnáam undanþága og sameining þrepa
Sparnaður	6 Fjármagnstekjuskattur	▪ Raunávöxtun skattlögð í stað nafnávöxtunar
Rekstur	7 Tryggingagjald	▪ Sveiflujöfnun tryggingagjalds
	8 Þunn eiginfjármögnun	▪ Frádráttur vaxtagjalda takmarkaður
	9 Eftirgjöf skulda	▪ Eftirgjöf skulda myndi ekki skattskyldu
	10 Samlagshlutafélög	▪ Samræma skattlagningu við önnur félagaform

Sveiflujöfnun tryggingagjalds



Tryggingagjald taki mið af hagsveiflunni – sett verði gólf og þak sem tryggir fulla fjármögnun yfir alla hagsveifluna

Skipting skatttekna m.v. fjárlög 2016




- Tekjur af tryggingagjaldi hafa aukist um 28% að nafnvirði frá árinu 2013 og námu rúmlega 78 milljörðum króna árið 2015




Tryggingagjald taki mið af hagsveiflunni – sett verði gólf og þak sem tryggir fulla fjármögnun yfir alla hagsveifluna

- Launagreiðendum ber að greiða tryggingagjald af heildarlaunum launamanna sinna á tekjuári og nemur það 7,35% á tekjuárinu 2016
- Lagt er til að ákvörðun tryggingargjalds fylgi einfaldri reiknireglu sem taki mið af þaki og gólfi á stöðu tryggingasjóðs
- Girt verði fyrir sveiflumögnunaráhrif þess
- Tryggingagjald hækki og lækki í öfugu hlutfalli við hagsveifluna – með þaki og gólfi
- Tryggir fullfjármagnað kerfi í gegnum hagsveifluna
- **Ákvörðunarreglan er tvíþætt:**
- Efra þrep tryggingagjalds er innheimt ef tryggingasjóður rekst í gólfið og lækki aftur þegar hann rekst í þakið


1



2




3



Takmörkun þunnrar eiginfjármögnunar

Þunn eiginfjármögnun verði takmörkuð. Settar verði reglur sem takmarka umfang frádráttar vaxtagjalda

Breyttar reglur draga úr hvata til yfirskuldsetningar gagnvart tengdum aðilum til að lækka skattbyrði



Tillagan er í samræmi við tilmæli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og starfshóps fjármála- og efnahagsráðuneytisins


Heimild til frádráttar vaxtagjalda lögaðila vegna lánaviðskipta við tengda aðila takmarkist við 30% af hagnaði lögaðila fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir fastafjármuna og niðurfærslur (EBITDA) – en 160 m.kr. frádráttur verði alltaf leyfður.

**Eftirgjöf skulda
myndi ekki skattskyldu**

Lagt til að almenn eftirgjöf og umbreyting skulda rekstraraðila valdi ekki skattgreiðslum við nauðasamninga (danska leiðin)

Í dag telst eftirgjöf skulda til skattskyldra tekna

Ef kröfuhafar gefa t.d. eftir 200 m.kr. kröfur þá þarf skuldari að greiða 40 m.kr. í skatt



